

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 105/2015**

2016/EES/42/32

frá 30. apríl 2015

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)  
og bókun 37 við EES-samninginn, með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/299/ESB frá 21. maí 2010 um niðurfellingu ákvörðunar 2002/627/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2010/299/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB <sup>(2)</sup>, en sú grein hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XI. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 5ci (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn falli brott.

*2. gr.*

Texti 17. liðar (evrópskur hópur eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB)) í bókun 37 við EES-samninginn falli brott.

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/299/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 127, 26.5.2010, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.